

ORKA CARD APS KORTASKILMÁLAR

Í þessum samningi („skilmálar“) eru settir fram þeir skilmálar sem gilda um notkun þína á kortinu sem gefið er út af Enfuce License Services Ltd og felur í sér bindandi samning milli þín og okkar.

„Þú“ og „þitt“ vísar til korthafans, eins og hann er skilgreindur hér að neðan.

„Við“, „okkur“ eða „okkar“ vísar til Enfuce License Services Ltd, fyrirtækis sem stofnað er í Finnlandi og með skráð heimilisfang við Metsänneidonkuja 12, 02130 Espoo, Finnlandi og skráningarnúmer fyrirtækis 2992502-3 og hefur fengið leyfi finnska fjármálaeftirlitsins til að starfa sem rafeyrisstofnun.

Þessir skilmálar eiga við um eftirfarandi kortakerfi („kortakerfi“):

Lýsing á kortakerfi

Tegund korts:	Neytandakort Efnislegt kort og sýndarkort
Tegund fjármögnunar:	Endurhlaðanlegt debetkort: þú verður að leggja fé inn á kortið fyrir fram í gegnum vefsvæði kerfisstjórans. Kortið er ekki kreditkort og öll notkun takmarkast við þá upphæð sem lögð hefur verið inn á kortið og öll önnur takmörk sem vísað er til í þessum skilmálum. Engin yfirdráttarheimild fylgir kortinu. Aðferðum til að leggja inn á kortið er lýst af kerfisstjóranum á vefsvæði kerfisstjórans. Kortið er rafrænn greiðslumiðill og fjármagn sem lagt er inn á það telst ekki inneign. Sjá ákvæði Error! Reference source not found. hér að neðan til að fá frekari upplýsingar um hvernig við verndum fjármagn sem þú leggur inn á kortið.
Kortagreiðslukerfi:	Visa
Tilgreindur gjaldmiðill:	Fyrir korthafa sem búa á Íslandi skal gjaldmiðillinn vera ISK. Fyrir korthafa sem búa í Danmörku skal gjaldmiðillinn vera DDK. Fyrir korthafa sem búa á Tékklandi skal gjaldmiðillinn vera CZK.
Útgefandi:	Enfuce License Services Ltd, fyrirtæki sem stofnað er í Finnlandi og með skráð heimilisfang við Metsänneidonkuja 12, 02130 Espoo, Finnlandi og skráningarnúmer fyrirtækis 2992502-3 og hefur fengið leyfi finnska fjármálaeftirlitsins til að starfa sem rafræn fjármála- og greiðslustofnun.
Kerfisstjóri:	Orka Card ApS (auðkenniskóði fyrirtækis 40597166), fyrirtæki sem stofnað er í Danmörku og með aðalskrifstofu við Havnegade 39, Kaupmannahöfn K1058.
Vefsvæði og farsímaforrit kerfisstjóra:	Vefsvæði: https://orkacard.com Farsímaforrit: Orka Card App Vefsvæði og farsímaforrit kerfisstjóra eru netviðmót fyrir þig sem gera þér kleift að panta og stjórna kortum, að virkja og skoða færslur, skoða tiltæka innistæðu,

	loka og opna kortinu og senda fyrirspurnir um þjónustu við viðskiptavini varðandi notkun á kortinu/kortunum og/eða tiltæka inneign.
Hámarkstími ónotaðs korts:	Kortinu kann að vera sagt upp ef það er ónotað í tólf (12) mánuði í röð.
Færsluhámörk:	Eins og fram kemur í gjaldskránni.

Umsókn um og notkun á kortinu fellur undir skilmálana hér á eftir. Þú verður beðin(n) um að staðfesta að þú samþykkir þessa skilmála þegar þú sækir um kort í gegnum vefsvæði kerfisstjórans. Ef þú hafnar því að samþykkja þessa skilmála getum við ekki afgreitt umsókn þína um kortið. Þessir skilmálar sem gilda verða birtir á vefsvæði kerfisstjórans.

Þegar við samþykkjum umsókn þína um kortið verður til bindandi samningur milli þín og okkar, samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem fram koma í þessum skilmálum.

Lestu þessa skilmála vandlega og geymdu afrit af þeim til að geta skoðað þá síðar. Þessir skilmálar innihalda:

1	Skilgreiningar og túlkun	3
2	Gjaldgengi og aðrar athuganir	4
3	Tilgangur kortsins	4
4	Kortanotkun	5
5	Kortahámörk og -gjöld	6
6	Öryggi korta.....	7
7	Færslur heimilaðar.....	8
8	Kort sem glatast, er stolið eða misnotuð og lokun á korti.....	8
9	Óheimilar og véfengdar færslur	9
10	Bótaskylda	10
11	Réttur til uppsagnar.....	10
12	Frekari réttur okkar til uppsagnar, lokunar og stöðvunar.....	11
13	Viðurlög	12
14	Trúnaður og gagnavernd	12
15	Breytingar á skilmálum.....	12
16	Ábyrgð.....	13
17	Ýmislegt.....	13
18	Kvartanir	13
19	Lög, lögsaga og tungumál	14
20	Útgefandi kortsins og þjónustuveitandi kortsins.....	14
21	Bætur	14
	GJALDSKRÁ	15

1 Skilgreiningar og túlkun

- 1.1 Skilgreindir skilmálar skulu hafa þá merkingu sem skilgreind er hér að neðan, nema þeir séu skilgreindir annars staðar í þessum skilmálum:

„Viðeigandi lög“ eru öll viðeigandi lög (þar með talið en ekki takmarkað við öll staðbundin lög innan þeirrar lögsögu þar sem kortið er veitt og kerfið er notað), reglugerðir, lagalegir gjörningar, reglur, samþykktir, úrskurðir, ákvæði, fyrirmæli eða kröfur sem settar eru fram af hálfu viðeigandi eftirlitsyfivalda, eða túlkun sem lýst er yfir eða gefin er út af hálfu einhverra eftirlitsyfivalda, allir úrskurðir af hálfu dómstóla sem hafa dómsvald yfir aðila, eða allar viðeigandi reglur eða kröfur einhvers kortagreiðslukerfis sem tengist útgáfu, sölu, leyfisveitingu eða notkun kortsins og/eða þjónustu sem veita ber samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum slíkum úrskurði sem við teljum gildan hverju sinni.

„Hraðbankar“ eru sjálfvirkir bankar þar sem þú getur tekið út reiðufé.

„Tiltæk innistæða“ er, eftir því sem við á um þitt kort: (a) ef um debetkort eða inneignarkort er að ræða, sú peningaupphæð sem er tiltæk á kortinu og þú getur notað; eða (b) ef um kreditkort er að ræða, sú lánsupphæð sem lánveitandinn gerir tiltæka fyrir þig til að nota með kortinu, í hverju tilviki fyrir sig háð öllum færsluhámörkum, eins og tilgreint er í þessum skilmálum.

„Virkur dagar“ eru mánudagar til föstudaga, frá 09:00 til 17:00 EET/EST, fyrir utan almenna frídaga í Finnlandi.

„Kort“ er hver sá greiðslumiðill sem tilgreindur er í lýsingunni á kortakerfinu hér að ofan, eins og efnislegt kort, sýndarkort eða tákngert kort (rafrænt veski), gefið út af okkur í samræmi við leyfi eftirlitsyfivalda, í tilgreindum gjaldmiðli. Tilvísanir til kortsins fela í sér allar kortaupplýsingar, öryggisupplýsingar og PIN-númer en ef endurhlaðanleg og óendurhlaðanleg fyrirframgreidd sýndarkort eru hluti af þínu kortakerfi skulu PIN-númer ekki fylgja slíkum kortum.

„Kortagreiðslukerfi“ er greiðslunetið sem kortin eru tengd við, eins og tilgreint er í lýsingu kortakerfisins.

„Kortþjónusta“ er öll þjónusta sem veitt er af okkur eða utanaðkomandi þjónustuveitendum okkar í tengslum við kort.

„Korthafi“ ert þú, einstaklingurinn sem í tengslum við kerfisstjórasmninginn þinn getur notað tiltæka innistæðu á kortinu og sem kortið er gefið út til.

„Þjónusta við viðskiptavinum“ er sá stuðningur sem kerfisstjórinn veitir þér varðandi kortið og kortakerfið en upplýsingar þar að lútandi eru settar fram í gjaldskrá þessara skilmála.

„Tilgreindur gjaldmiðill“ er sá gjaldmiðill sem tilgreindur er í lýsingu kortakerfisins

„Samningur við kerfisstjóra“ eru allir samningar milli þín og kerfisstjórans í tengslum við kortakerfið, þar á meðal allir notkunarskilmálar vefsvæðis kerfisstjórans.

„Vefsvæði kerfisstjóra“ er vefsvæðið, undirsvæði eða forrit þar sem þú getur framkvæmt ýmsar aðgerðir í tengslum við kortið þitt, eins og tilgreint er í lýsingu kortakerfisins, í samræmi við og háð samningi kerfisstjóra.

„Persónuupplýsingar“ eru allar persónulegar upplýsingar sem varða notkun á kortinu, þar með talið (en ekki takmarkað við): nafn þitt, fæðingardagur, heimilisfang, netfang og símanúmer (fastlínu- eða farsímanúmer) og geta falið í sér öryggisupplýsingar. Frekari upplýsingar um þær persónuupplýsingar sem við vinnum með koma fram í persónuverndarstefnu okkar (<https://enfuce.com/privacy-notice/>).

„PIN“ eða „PIN-númer“ er persónulegt auðkennisnúmer sem er notað til að fá aðgang að ákveðinni kortþjónustu sem þér er veitt eða þú stillir.

„Posi“ er afgreiðslustöð þar sem greitt er með korti.

„Kerfisstjóri“ er það fyrirtæki eða önnur skipulagsheild sem tilgreind er í lýsingu kortakerfisins sem stjórnar kortakerfinu fyrir þig og rekur vefsvæðið og veitir þjónustu við viðskiptavinum í tengslum við kortin, í samræmi við þessa skilmála og aðskilinn samning milli okkar og kerfisstjórans.

„Eftirlitsyfirvald“ er, eftir því sem við á, sérhvert kortagreiðslukerfi og/eða eftirlitsaðili eða -stofnun sem hefur lögsögu yfir okkur eða kerfisstjóranum varðandi útgáfu, markaðssetningu, sölu, leyfisveitingu eða notkun kortanna eða þjónustu sem veitt er samkvæmt þessum skilmálum, þar með talið, án takmarkana, finnska fjármáleftirlitið.

„Öryggisupplýsingar“ eru ákveðnar upplýsingar sem þú veitir þegar þú sækir um kortið og þú tilkynnir okkur öðru hverju.

„Færsla“ er notkun þín á kortinu til að (i) framkvæma greiðslu, eða kaupa vörur eða þjónustu af söluaðila á netinu, í gegnum síma eða með pósthjónustu eða (ii) taka út reiðufé í hraðbanka eða banka, þar sem það er heimilt.

2 Gjaldgengi og aðrar athuganir

- 2.1 Umsókn þín um kortið kann að vera háð ákveðnum athugunum varðandi gjaldgengi og öðrum athugunum sem kerfisstjórinn framkvæmir fyrir okkar hönd; til dæmis til að staðfesta auðkenni þitt. Þú samþykkir að veita allar upplýsingar og skjöl sem kerfisstjóri fer fram á og nauðsynleg eru til að framkvæma slíkar athuganir.
- 2.2 Allar upplýsingar sem þú veitir verða að vera réttar og sannar samkvæmt þinni bestu vitund og þú verður að tilkynna kerfisstjóra um það án tafar ef einhverjar upplýsingar sem þú veitir sem hluta af kortaumsókn þinni breytast. Þar á meðal eru allar breytingar á persónuupplýsingum þínum, refsiaðgerðir sem gætu haft áhrif á þig, eða ef notkun þín á kortinu gæti orðið ólöglegt af einhverri annarri ástæðu.
- 2.3 Við (og kerfisstjórinn fyrir okkar hönd) áskiljum okkur rétt til að gera viðbótarathuganir eftir að umsókn þín um kort hefur verið samþykkt, til dæmis áður en við vinnum úr einhverri færslu.
- 2.4 Ef þú afhendir ekki upplýsingarnar eða skjölin sem við eða kerfisstjórinn förum fram á er ekki víst að við getum afgreitt kortaumsóknina þína og/eða færslur og við gætum jafnvel stöðvað notkun og að lokum sagt upp kortinu þínu.
- 2.5 Við höfum ákvörðunarfrelsi varðandi allar umsóknir og getum hafnað umsókninni eða því að halda áfram að sjá þér fyrir korti af hvaða ástæðu sem er sem er leyfð samkvæmt gildandi lögum.

3 Tilgangur kortsins

- 3.1 Kortið er greiðslumiðill sem felur í sér tafarlausa úttekt af tiltækri innistæðu og kerfisbundið samþykki. Við berum ekki ábyrgð á fé sem ekki hefur verið gert tiltækt á kortinu og veitum ekki þá þjónustu að leggja fé inn á kortið eða að auka inneign á kortinu. Upplýsingar um tiltæka innistæðu og aðferðir til að leggja inn á kortið er að finna á vefsvæði kerfisstjórans og í samningnum við kerfisstjóra.
- 3.2 Kortið er gefið út af okkur gegn beiðni korthafa og eftir samþykki okkar á áður nefndri beiðni í gegnum vefsvæði kerfisstjórans. Ef efnisleg kort eru hluti af þínu kortakerfi (eins og tilgreint er í lýsingu kortakerfisins) verða slík efnisleg kort send beint til þín á það heimilisfang sem tilgreint er á kortaþöntunarbeiðninni sem útfyllt var á vefsvæði kerfisstjórans.

- 3.3 Hægt er að nota kortið um allan heim þar sem tákn kortagreiðslukerfisins er birt á netinu, og í hraðbönkum og í posum, að því gefnu að næg innistæða sé á kortinu fyrir færsluna, að meðtöldum öllum gjöldum.
- 3.4 Kortið er ávallt okkar eign og verður að skila til okkar eða farga ef við förum fram á það. Einungis þú mátt nota kortið. Þú getur ekki framselt réttindi þín samkvæmt þessum skilmálum og þér er stranglega bannað að færa eða gefa einhverjum utanaðkomandi aðila kortið eða heimila einhverjum utanaðkomandi aðila að nota kortið. Heimildin sem þér er veitt til að nota kortið getur verið afturkölluð hvenær sem er, í samræmi við ákvæði 12 hér að neðan.
- 3.5 Þú skalt bera ábyrgð á allri notkun kortanna og á öllum aðgerðum og vanrækslu sem framkvæmd er eða ætlað er að hafi verið framkvæmd í samræmi við þær aðgerðir sem þessir skilmálar kveða á um.
- 3.6 Engir vextir eru greiddir til þín af innistæðu kortsins og innistæðan telst ekki vera inneign hjá okkur.

4 Kortanotkun

4.1 Virkjun og almenn notkun kortsins

- 4.1.1 Ekki er hægt að nota kort nema þú hafir virkjað það innan tilskilins tíma. Virkjunarferli verður tilgreint á vefsvæði kerfisstjórans og með hverju efnislegu korti. Þú verður að þekkja og fylgja skrefunum sem þarf til að virkja efnislega kortið.
- 4.1.2 Einungis þú mátt nota kortið og það rennur út á þeim degi sem tilgreindur er á framhlið kortsins. Ekki er hægt að nota kortið eftir að það rennur út.
- 4.1.3 Upphæð hverrar færslu og tengd gjöld verða dregin frá innistæðu kortsins.
- 4.1.4 Þú samþykkir að þiggja inneign á kortið ef þú átt rétt á endurgreiðslu af hvaða ástæðu sem er vegna vara eða þjónustu sem keypt er með kortinu.
- 4.1.5 Við berum ekki ábyrgð á því að tryggja að hraðbankar og posar taki við efnislega kortinu eða tákngerðu korti (þ.e. í gegnum rafrænt veski) (eftir því sem við á).
- 4.1.6 Eingöngu varðandi efnisleg kort (ef efnisleg kort eru hluti af þínu kortakerfi, eins og tilgreint er í lýsingu kortakerfisins), eru ákveðnar posar og ákveðnar kyrrstæðar greiðsluvélar ekki tengdar í rauntíma við samþykktarnet kortagreiðslukerfisins og geta hugsanlega ekki tekið við fyrirfram greiddum kortum. Við tökum enga ábyrgð á og berum ekki neina bótaskyldu ef ekki er hægt að nota kort í slíkum posum eða vélum.
- 4.1.7 Þú verður að hlíta öllum gildandi lögum (þ.m.t. öllum lögum sem varða gjaldeyrisviðskipti) sem varða kortið, í því landi sem kaup eru gerð og/eða kortið er notað.

4.2 Tiltæk innistæða

- 4.2.1 Aðeins er hægt að nota kortið ef inni á því er næg tiltæk innistæða til að ljúka við færslu (að gjöldum meðtöldum). Þú ættir að athuga hvort næg tiltæk innistæða sé á kortinu áður en þú reynir að framkvæma færslu til að forðast vonbrigði eða vandræðalegar aðstæður ef kortinu er hafnað.
- 4.2.2 Ef tiltæk innistæða er ekki næg til að greiða fyrir færslu (öll viðeigandi gjöld meðtalin) kann kortinu að vera hafnað eða söluaðilinn getur leyft þér að greiða með öðrum hætti.
- 4.2.3 Ef (í undantekningartilvikum eða fyrir slysi) við afgreiðum færslu án þess að næg innistæða sé tiltæk biðjum við þig um að endurgreiða allar upphæðir sem eru umfram tiltæka innistæðu eða draga slíkar upphæðir frá síðari greiðslum inn á kortið eða öðrum greiðslum sem auka tiltæka innistæðu.

- 4.2.4 Þegar kortið er notað hjá ákveðnum söluaðilum kann söluaðilinn að halda eftir frekari upphæðum til að ná yfir þjóf fé/þjónustusgjöld, sem lækkar tímabundið tiltæka innistæðu á kortinu.
- 4.2.5 Greiðslur sem eru gerðar í sumum vélum kalla á forheimild til að taka frá upphæð sem kann að vera hærrí en upphæðin sem þarf að greiða. Í slíkum tilvikum kann beiðnin um forheimild sem nemur hærrí upphæð að leiða til þess að færslunni og tengdri greiðslu sé hafnað. Ef þú nýtir þér þjónustu slíkra véla ættirðu að tryggja að næg tiltæk innistæða sé á kortinu til að ná yfir þá upphæð sem forheimildin krefst.
- 4.2.6 Við mælum ekki með að nota kortið sem tryggingu fyrir greiðslu, til dæmis sem innborgun, þar sem slíkir söluaðilar kunna að áætla lokareikninginn og þú munt ekki geta notað þessa upphæð tímabundið.
- 4.2.7 Þú getur innleyst eða eytt allri innistæðu sem ekki hefur þegar verið eytt af kortinu hvenær sem er áður en það rennur út. Ef þú ert með fyrirfram greitt kort eða debetkort, ef kortið þitt sem er útrunnið eða sem búið er að segja upp er ekki endurnýjað geturðu innleyst það fé sem ekki hefur verið eytt.
- 4.2.8 Þú getur fengið ákveðnar upplýsingar varðandi kortið og nýlegar færslur með þeim samskiptaaðferðum sem taldar eru upp á vefsvæði kerfisstjórans.

4.3 Tímabundin lokun kortsins

- 4.3.1 Þú getur farið fram á að kortinu sé tímabundið lokað með því að hafa samband við þjónustu við viðskiptavini eða nota vefsvæði kerfisstjórans.
- 4.3.2 Þú getur farið fram á að kortið sé opnað hvenær sem er í gegnum vefsvæði kerfisstjórans.
- 4.3.3 Umsókn um að kortinu sé tímabundið lokað skal ekki uppfylla skyldu þína um að tilkynna okkur um grunaðan eða raunverulegan missi, þjófnað, misnotkun eða sviksamlega notkun á kortinu eða tengdum gögnum. Sjá nánari upplýsingar í ákvæði 8.
- 4.3.4 Ef við lokum korti eða stöðvum notkun þess skulum við tilkynna þér um það með tölvupósti (og/eða með tilkynningu á vefsvæði kerfisstjórans), ef mögulegt er áður en við lokum kortinu eða stöðvum notkun þess, og í síðasta lagi strax eftir að við gerum það, nema við höfum ástæðu til að ætla að veiting slíkra upplýsinga skapi öryggishættu eða ef okkur er óheimilt að veita slíkar upplýsingar samkvæmt gildandi lögum. Þú getur hvenær sem er farið fram á að kortið sé opnað aftur með því að hafa samband við þjónustu við viðskiptavini með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem koma fram í gjaldskránni, en ákvörðunin um að opna aftur á kortið eða halda áfram að veita okkar þjónustu er okkar.
- 4.3.5 Söluaðili getur ekki endurgreitt vörur eða þjónustu sem greitt er fyrir með kortinu nema sá söluaðili hafi áður skuldfært færslu af kortinu sem nemur upphæð sem er jafnhá eða hærrí en endurgreiðslan sem farið er fram á. Ef þú og söluaðili semjið um endurgreiðslu getur söluaðilinn framkvæmt endurgreiðsluna í gegnum posa. Upphæðir sem færðar eru inn á kortið sem endurgreiðslur skulu vera aðgengilegar ekki síðar en þremur (3) dögum eftir að beiðnin um endurgreiðslu var móttækin. Ef upphæð er færð inn á kortið sem samsvarar ekki endurgreiðslu áskilur kerfisstjórinn sér rétt til að leggja á álagsgjöld eins og fram kemur í gjaldskránni og/eða, að okkar ákvörðun, segja upp samningnum.

5 Kortahámörk og -gjöld

- 5.1 Ákvæði um kortagjöld og -hámörk koma fram í gjaldskránni og gilda um kortið.

- 5.2 Úttektar- og færsluhámörk kunna að gilda um kortið eins og fram kemur í gjaldskránni.
- 5.3 Þegar gjöldin tengjast færslu sem kemur frá tengdri þjónustu án þess að kortið sé notað verður hún afgreidd að því gefnu að næg innistæða sé á kortinu til að ná yfir kostnaðinn við færsluna og gjöldin og tengd gjöld skulu skuldfærð sérstaklega af innistæðu kortsins.
- 5.4 Í hvert skipti sem kortið er notað skal verðmæti færslunnar ásamt öllum tengdum gjöldum skuldfærð af kortinu. Ef verðmæti færslunnar ásamt öllum tengdum gjöldum er hærra en tiltæk innistæða á kortinu verður færslunni hafnað og viðeigandi gjöld skulu lögð á kortið í samræmi við gjaldskrárákvæði. Þessi gjöld mega ekki vera hærra en upphæð greiðslubeiðinnar.
- 5.5 Ef við getum ekki, af hvaða ástæðu sem er, skuldfært gjöld og aðrar upphæðir sem okkur ber samkvæmt þessum skilmálum af kortinu þínu, tilkynnum við þér um slíkar upphæðir og þú samþykkir að greiða þær eins fljótt og auðið er eftir að hafa móttekið tilkynningu okkar.

6 Öryggi korta

- 6.1 Þú verður að skrifa nafn þitt aftan á efnislega kortið um leið og þú móttækur það (ef við á).
- 6.2 Þú ættir að meðhöndla kortið eins og reiðufé. Ef það glatast eða er stolið gætir þú tapað hluta af eða öllum peningunum þínum á kortinu, rétt eins og ef þú hefur tapað reiðufé.
- 6.3 Þú verður að tryggja öryggi kortsins, öryggisupplýsinga og PIN-númersins (eftir því sem við á) með því að grípa til viðeigandi ráðstafana, þar með talið, en takmarkast ekki við, eftirfarandi:
 - i. að leyfa aldrei neinum öðrum að nota kortið eða deila PIN-númerinu eða öryggisupplýsingum með neinum;
 - ii. að vera ekki með PIN-númerið með kortinu eða skrá PIN-númerið þar sem aðrir geta fengið aðgang að því;
 - iii. að fíkta ekki í neinni segulrönd eða samþættri rafrás á kortinu;
 - iv. að hlíta öllum eðlilegum leiðbeiningum sem við veitum varðandi það að tryggja öryggi kortsins og PIN-númersins;
 - v. að nota eingöngu örugg netsvæði til þess að gera færslur á netinu;
 - vi. að velja traust aðgangsorð sem blanda saman bók- og tölustöfum við umsýslu kortareikningsins á netinu;
 - vii. að kanna hvort átt hafi verið við hraðbanka, t.d. með fólsum framhliðum, fyrir notkun;
 - viii. að eyða öllum persónuupplýsingum eða öryggisupplýsingum sem tengjast kortinu og auðkennisþjófur gæti notað; og
 - ix. að tilkynna þjófnað á öllum öryggisupplýsingum sem tengjast kortinu til allra viðeigandi skipulagsheilda til að vara þær við öllum mögulegum tilraunum til að fremja auðkennissvik í þínu nafni.
- 6.4 Þú skalt aldrei þurfa að gefa upp PIN-númerið í gegnum síma eða á netinu til þess að greiða fyrir vörur eða þjónustu eða framkvæma færslu. Ef einhver biður þig um að gefa upp PIN-númerið þitt ættirðu að hafna beiðninni og tilkynna hana til þjónustu við viðskiptavini.
- 6.5 PIN-númerið kann að verða óvirkt ef rangt PIN er slegið inn þrisvar (3) í öllum hraðbönkum og/eða posum. Ef PIN-númerið verður óvirkt ættirðu að fara á vefsvæði kerfisstjórans eða hafa samband við þjónustu við viðskiptavini til að endurvirkja það. Það getur tekið tuttugu og fjórar (24) klukkustundir að endurvirkja PIN-númerið.

- 6.6 Þú undirgengst, staðfestir og ábyrgist gagnvart okkur að færslurnar sem þú framkvæmir með því að nota kortið fari ekki gegn neinum gildandi lögum og þú skalt ávallt hlíta gildandi lögum í tengslum við að framfylgja skuldbindingum þínum samkvæmt þessum skilmálum og notkun á kortinu.
- 6.7 Þú skalt ekki undir neinum kringumstæðum senda virk og/eða hlaðin kort til okkar eða nokkurs utanaðkomandi aðila, með pósti eða annarri óöruggri afhendingaraðferð.
- 6.8 Ekki er víst að upplýsingar sem sendar eru yfir netið séu fullkomlega öruggar. Netinu og netkerfum er ekki stjórnað af okkur eða í okkar eigu svo við getum ekki ábyrgst að þau verði örugg og virki alltaf og við samþykkjum enga bótaskyldu vegna ótíltækileika eða truflana.

7 Færslur heimilaðar

- 7.1 Þú þarft að veita samþykki þitt fyrir hverri færslu svo við getum gengið úr skugga um að hún sé ósvikin, þegar það á við með því að a) nota PIN-númerið þitt eða annan öryggiskóða; b) skrifa undir sölukvittun; c) gefa upp kortaupplýsingar og/eða aðrar upplýsingar um þig og/eða kortið. Þegar þú hefur veitt slíkt samþykki fyrir færslu telst hún heimiluð. Færslur upp að ákveðnu hámarki (sem gildandi lög mæla fyrir um) er einnig hægt að heimila með því að bera kortið þitt (eða fartæki, ef rafrænt veski hefur verið virkjað fyrir kortið) upp að snertilausum posa.
- 7.2 Berist færslubeiðni eftir klukkan 16 á virkum degi telst hún hafa borist næsta virka dag.
- 7.3 Eftir að þú hefur heimilað færslu er ekki hægt að afturkalla hana og móttökutími færslubeiðni er þegar við móttökum hana.
- 7.4 Stöku sinnum kunna að verða raskanir á notkun þinni á kortinu, til dæmis ef við þurfum að sinna viðhaldi á kerfum okkar eða vefsvæðum. Þú ættir að hafa samband við þjónustu við viðskiptavini til að tilkynna okkur um öll vandamál við að nota kortið eða tilkynna vandamálið í gegnum vefsvæði kerfisstjórans og við munum reyna að leysa það eins fljótt og auðið er.

8 Kort sem glatast, er stolið eða misnotuð og lokun á korti

- 8.1 Ef kortið glatast, er stolið, misnotað eða líklegt til að vera misnotað af utanaðkomandi aðila eða þig grunar að einhver annar kunni að vita tengt PIN-númer eða öryggisupplýsingar eða hafi framkvæmt óheimila færslu verður þú að hætta að nota kortið og tilkynna það beint til þjónustu við viðskiptavini (og loka kortinu þínu á vefsvæði kerfisstjórans, ef slíkur eiginleiki er í boði) eins fljótt og auðið er eftir að þú verður áskynja um að kortið hafi glatast, verið stolið, misnotað eða notað á óheimilan hátt. Notkun kortsins skal stöðvuð til að forðast frekara tap við móttöku okkar á tilkynningu í samræmi við þetta ákvæði.
- 8.2 Við kunnum einnig að stöðva notkun korts með eða án fyrirvara ef okkur grunar að kortið, PIN-númer eða aðrar kortatengdar öryggisupplýsingar hafi verið, eða séu líklegar til að vera misnotaðar, ef einhverjar færslur teljast grunsamlegar og/eða eru auðkenndar sem sviksamlegar, ef við höfum ástæðu til að ætla að þú hafir brotið gegn mikilvægu ákvæði í þessum skilmálum eða að þú hafir ítrekað brotið gegn einhverjum skilmála eða ákvæði og hafir ekki ráðið bót á því, eða ef við höfum grun um ólöglega notkun á kortinu.
- 8.3 Þú þarft að staðfesta upplýsingar um kortið sem glataðist, var stolið eða misnotað með skriflegum hætti til okkar.
- 8.4 Þér kann að vera skylt að aðstoða okkur, umboðsmenn okkar eða lögregluna ef kortinu er stolið eða okkur grunar að verið sé að misnota kortið.
- 8.5 Ný kort verða send á nýjasta heimilisfangið sem þú hefur gefið upp til að afhenda kort og þú kannt að þurfa að greiða gjald samkvæmt gjaldskrá.
- 8.6 Ef eitthvert kort sem hefur verið tilkynnt týnt finnst seinna meir má ekki nota það nema þú hafir fyrst samband við þjónustu við viðskiptavini og fáir samþykki fyrir því.

9 Óheimilar og véfengdar færslur

- 9.1 Þú verður að tilkynna okkur um leið og þú verður áskynja um færslu sem þú hefur ekki veitt heimild fyrir samkvæmt ákvæði 7.1 hér að ofan, eða ef þú heldur að við höfum ranglega framkvæmt færslu. Þú verður að tilkynna okkur eigi síðar en 13 mánuðum frá þeim degi þegar slík færsla hafði áhrif á tiltæka innistæðu þína á kortinu.
- 9.2 Við munum rannsaka kringumstæðurnar sem leiddu til óheimilu færslunnar. Við gætum beðið þig um að veita okkur stuðningsupplýsingar og skjöl til að hjálpa okkur með rannsókn okkar og þú samþykkir að veita okkur aðstoð þína. Þú samþykkir einnig að veita öllum yfirvöldum sem taka þátt í rannsókn okkar aðstoð.
- 9.3 Háð öðrum skilyrðum þessa ákvæðis 9 munum við endurgreiða upphæð færslunnar (og öll viðeigandi gjöld) næsta virka dag eftir móttöku tilkynningar frá þér um óheimila færslu, nema við höfum ástæðu til að ætla að um svik sé að ræða og höfum tjáð viðeigandi yfirvöldum það.
- 9.4 **Þú átt ekki rétt á endurgreiðslu ef:**
- a) Þú tilkynntir okkur ekki innan þrettán (13) mánaða frá þeim degi þegar slík færsla hafði áhrif á tiltæka innistæðu þína á kortinu;
 - b) Þú heimilaðir færsluna sem um ræðir; eða
 - c) óheimila færslan er afleiðing: (a) svika sem þú framdir; eða (b) þess að þér láðist vísitandi eða af vítaverðu gáleysi að hlíta öryggiskröfum í tengslum við kortið þitt (eins og fram kemur í ákvæði 6 að ofan).

Ef þú átt ekki rétt á endurgreiðslu af ofangreindum ástæðum og ef við höfum þegar framkvæmt hana eigum við rétt á að draga endurgreiðsluupphæðina frá tiltæku innistæðunni þinni.

- 9.5 Ef óheimila færslan er afleiðing þess að kort glatast, er stolið eða misnotað (þ.e. notað af einhverjum öðrum) gætir þú þurft að bera hluta af eða allan kostnaðinn við óheimilu færsluna, að hámarki 50 EUR. Í slíkum tilvikum myndu allar endurgreiðslur frá okkur eiga við um verðmæti óheimilu færslunnar umfram 50 EUR. Þetta skilyrði gildir hins vegar ekki, og þú átt rétt á fullri endurgreiðslu, ef það var ekki mögulegt fyrir þig að taka eftir að kortið hefði glatast, verið stolið eða misnotað, eða ef færslan var afleiðing okkar aðgerða eða aðgerðaleyfis (t.d. ef við lokuðum ekki korti eftir að þú tilkynntir okkur að það hefði glatast, verið stolið eða misnotað).
- 9.6 Hver sú endurgreiðsla sem þú móttækur er þitt eina úrræði og við berum enga bótaskyldu gagnvart þér vegna nokkurs annars taps sem þú verður fyrir af völdum óheimillar færslu.
- 9.7 Ef við höfum afgreitt færslu sem þú heimilaðir með réttum hætti en þú ákveður að véfengja færsluna og krefjast endurgreiðslu ættir þú að hafa samband við söluaðilann sem tók við greiðslunni. Ef hann neitar að endurgreiða getum við mögulega látið kortagreiðslukerfið skera úr um ágreininginn og ef úrskurðurinn er þér í vil getur kortagreiðslukerfið bakfært á kortið þitt. Allar bakfærslubeiðnir verða meðhöndlaðar af okkur í samræmi við reglur viðeigandi kortagreiðslukerfis og við getum ekki ábyrgst að bakfærslur verði gerðar. Ef við fáum ekki upphæð bakfærslunnar frá kortagreiðslukerfinu ber okkur ekki skylda til að leggja neinar bakfærslur inn á kortið þitt.
- 9.8 Ef þú hefur heimilað söluaðila sem er með greiðsluþjónustuaðila sem er staðsettur í Bretlandi eða í EES að taka við greiðslu í GBP eða EUR frá kortinu þínu getur þú farið fram á endurgreiðslu ef: (a) söluaðilinn eða greiðsluþjónustuaðili hans gaf þér ekki upp upphæð færslunnar (t.d. vegna þess að færslan varðaði bílaleigubíl eða hótél) þegar þú varst beðin(n) um að heimila greiðsluna; (b) upphæðin sem skuldfærð var á kortið þitt var hærri en þú hefðir getað vænst að borga í þessum kringumstæðum (t.d. ef hún er ekki í samræmi við fyrri eyðslu þína eða staðreyndir í kringum

greiðsluna); og (c) þú leggur fram endurgreiðslubeiðni innan 8 vikna frá þeim degi þegar greiðslan var skuldfærð á kortið þitt. Innan 10 virkra daga frá þeim degi sem þú leggur fram beiðnina (eða frá þeim degi þar sem við biðjum þig um skýringu eða upplýsingar varðandi endurgreiðslubeiðnina) munum við annaðhvort endurgreiða greiðsluna að fullu eða greina þér frá ástæðum þess að við teljum þig ekki eiga rétt á endurgreiðslu. Aftur á móti áttu ekki rétt á endurgreiðslu samkvæmt þessu ákvæði 9.8 ef þú hefur veitt þína heimild fyrir færslunni beint til okkar eða ef söluaðilinn gerði upplýsingar um færsluna þér aðgengilegar með umsömdum hætti í að minnsta kosti 4 vikur fyrir eindaga greiðslunnar.

- 9.9 Ef við endurgreiðum eða leggjum einhverja bakfærslu ranglega inn á kortið þitt eigum við rétt á að fá viðeigandi upphæð aftur af kortinu þínu með því að draga hana frá tiltækri innistæðu þinni. Við munum tilkynna þér um það ef við endurgreiðum eða bakfærum eitthvað ranglega.

10 Bótaskylda

- 10.1 Við berum enga bótaskyldu gagnvart þér vegna neins taps sem þú kannt að verða fyrir í tengslum við eða sem leiðir af kortinu, nema þar sem slíkt tap er af völdum brots okkar á þessum skilmálum eða vegna vanrækslu okkar. Auk þess berum við ekki bótaskyldu vegna: (a) neinna mála sem leiða af eða í tengslum við samband þitt við kerfisstjórnann (þar með talið varðandi samning þinn við kerfisstjóra) og/eða nokkurn utanaðkomandi aðila sem starfar fyrir kerfisstjórnann í tengslum við kortakerfið; (b) neins ágreinings varðandi gæði vara eða þjónustu sem keypt eru af söluaðila sem samþykkti kortið eða nokkurra annarra gjalda sem stjórnandi posa eða hraðbanka innheimtir (t.d. þegar þér eru boðin kvik gjaldeyrisskipti á sölustað); og (c) neins taps eða tjóns sem tengist einhverju fyrirtæki eða viðskiptastarfsemi sem þú rekur, þar á meðal vegna taps í viðskiptum, taps á gróða og taps á viðskiptatækifæri. Sér í lagi berum við ekki ábyrgð á neinu tapi vegna: (i) neins misbrests vegna atvika sem innan eðlilegra marka eru ekki á okkar valdi eða af völdum utanaðkomandi aðila; (ii) neinnar kerfisbilunar eða vinnudeilna sem eru ekki á okkar valdi; (iii) þess að einhver hraðbanki eða söluaðili neitar eða getur ekki samþykkt kortið; (iv) þess hvernig því er miðlað til þín að kortinu er hafnað; (v) nokkurra brota þinna á lögum um gjaldmiðla eða öðrum gildandi lögum; (vi) þess að við grípum til aðgerða sem stjórnvöld, alríkislög eða önnur lög og reglugerðir eða dómsúrskurður krefjast; eða (vii) nokkurs sem er sérstaklega útilokað eða takmarkað annars staðar í þessum skilmálum.
- 10.2 Nema annars sé krafist samkvæmt gildandi lögum eða það sé tilgreint í þessum skilmálum skulum við ekki bera ábyrgð á neinu beinu eða óbeinu tapi eða tjóni sem þú kannt að verða fyrir sem afleiðing af notkun þinni í heild eða að hluta eða vangetu til að nota kortið, eða notkun nokkurs utanaðkomandi aðila á kortinu (þ.m.t. öllum svksamlegum eða óheimilum færslum og árangurslausum bakfærslum í kjölfarið á þeim).
- 10.3 Þú samþykkir að bæta okkur að fullu fyrir allar aðgerðir, kröfur, kostnað, tjón, útgjöld, skaðabætur, tap og málaferli sem við verðum fyrir beint eða óbeint eða sem er stofnað til gegn okkur ef þú hefur komið fram með svksamlegum hætti, sýnt vanrækslu eða hefur misnotað kortið eða einhvern hluta af þeirri þjónustu sem við veitum þér.
- 10.4 Framangreindar undanþágur og takmarkanir sem lýst er í þessari málsgrein skulu eiga við um alla ábyrgð tengdra félaga okkar, svo sem kortakerfisins, annarra birgja, verktaka, dreifingaraðila og allra tengdra félaga þeirra (ef einhver eru) gagnvart þér sem upp kann að koma í tengslum við þessa skilmála. Í öllum lagalegum skilningi komum við einnig fram hér sem fulltrúar tengdra félaga okkar, svo sem kerfisins, annarra birgja, verktaka, dreifingaraðila og allra tengdra félaga þeirra (ef einhver eru) gagnvart þér, að takmörkuðu leyti að því er varðar þessa grein.

11 Réttur til uppsagnar

- 11.1 Þessi samningnur skal halda gildi sínu þar til samningi þínum við kerfisstjóra er sagt upp, eða sagt upp með öðrum hæti í samræmi við ákvæði þessara skilmála.

- 11.2 Ef þú hefur sótt um kortið á netinu geturðu hætt við kortið og sagt upp þessum samningi, án gjalds, innan 14 daga frá því að við samþykktum umsókn þína um kortið.
- 11.3 Þú getur sagt þessum skilmálum upp hvenær sem er með því að senda skriflega tilkynningu með minnst þrjátíu (30) daga fyrirvara til þjónustu við viðskiptavini og við getum gert það með því að senda skriflega tilkynningu með minnst tveggja (2) mánaða fyrirvara til þín.
- 11.4 Uppsagnargjald kann að vera dregið af tiltækri innistæðu á kortunum í samræmi við gjaldskrána.
- 11.5 Á uppsagnarfrestinum verður þú að eyða eða innleysa alla tiltæka innistæðu á fyrirfram greiddum kortum eða debetkortum í samræmi við hluta 11.6.
 - 11.5.1 Þegar kort er útrunnið eða ef það finnst eftir að hafa verið tilkynnt sem týnt eða stolið verður þú að eyðileggja það með því að klippa það í tvennt í gegnum segulröndina. Ef útrunnið kort er ekki endurnýjað er þessum samningi sjálfkrafa sagt upp daginn sem kortið rennur út. Allar endurnýjanir á kortum skulu falla undir þessa skilmála.
- 11.6 Í samræmi við hluta 4.2.7 verður allt fé sem eftir verður á korti þegar það er útrunnið, að frádregum gjöldum í samræmi við gjaldskrána, innleyst af því af kerfisstjóranum eftir uppsögn, í samræmi við ferlið sem lýst er í samningnum við kerfisstjóran.
- 11.7 Við kunnum einnig að innheimta innlausnargjald, ef slíkt gjald er tiltekið í gjaldskránni, ef þú ferð fram á að innleysa eitthvert fé sem geymt er á korti. Við innheimtum engin innlausnargjöld ef innlausnarbeiðnin er gerð eftir að þessum skilmálum er sagt upp (eða kortinu, eftir því sem við á) í allt að eitt (1) ár eftur slíka uppsögn.
- 11.8 Allar innlausnir á fé kunna að vera háðar ákveðnum athugunum sem kerfisstjórinn framkvæmir.

12 Frekari réttur okkar til uppsagnar, lokunar og stöðvunar

- 12.1 Við áskiljum okkur rétt, hvenær sem er og án fyrirvara, að eigin ákvörðun, til að segja upp þessum skilmálum, til að loka fyrir eða stöðva notkun á kortinu, takmarka virkni þess og/eða krefjast þess að kortinu sé skilað ef einhverjar af eftirfarandi kringumstæðum koma upp:
 - i. kortið var ekki virkjað innan tilkynnts virkunartímabils;
 - ii. við höfum ástæðu til að ætla að öryggi kortsins hafi verið teft í tvísýnu með einhverjum hætti;
 - iii. kortið er án innistæðu eða með neikvæða innistæðu (nema það sé kreditkort) í meira en þrjá (3) mánuði í röð;
 - iv. okkur er skylt að gera það samkvæmt gildandi lögum eða þegar við teljum að áframhaldandi notkun kortsins kunni að ganga gegn gildandi lögum;
 - v. ef þú eða einhver utanaðkomandi aðili á þátt í einhverjum sviksamlegum athöfnum eða tilraunum til þeirra, eða ef við höfum ástæðu til að ætla að þú eða einhver utanaðkomandi aðili hafi átt þátt í slíku;
 - vi. við teljum að áframhaldandi notkun þín á kortinu geti skaðað orðspor okkar;
 - vii. við teljum að notkun þín á kortinu geti valdið okkur eða kerfum okkar skaða eða ef við höfum góða ástæðu til að trúa því að það sé nauðsynlegt af öryggisástæðum (til dæmis öryggisástæðum sem hafa áhrif á vefsvæði kerfisstjórans eða kortavinnslukerfi);
 - viii. þú lætur okkur ekki í té þær persónuupplýsingar sem við þurfum til að uppfylla lagalegar skyldur okkar sem rafeyrisútgefandi og standa við þessa skilmála;
 - ix. þú hefur ekki veitt okkur þær upplýsingar sem við þurfum eða við teljum einhverjar þær upplýsingar sem þú hefur veitt okkur hafa verið rangar;

- x. þú notar ekki kortið í þann tíma sem tilgreindur er í lýsingunni á kortakerfinu sem „hámarkstími ónotaðs korts“;
 - xi. við getum ekki unnið úr færslum vegna aðgerða utanaðkomandi aðila;
 - xii. þú hefur brotið gegn þessum skilmálum;
 - xiii. lýst hefur verið yfir gjaldþroti þínu; eða
 - xiv. ef ekki eru greidd einhver árgjöld eða önnur viðeigandi gjöld, eins og fram kemur í gjaldskránni.
- 12.2 Samkvæmt hluta 4.3 munum við opna kortið aftur um leið og það er gerlegt eftir að hafa sannfærst um, innan skynsamlegra marka, að ástæðurnar fyrir því að loka kortinu eða stöðva notkun þess séu ekki lengur til staðar. Ef kringumstæðurnar sem valda því að kortinu er lokað eða notkun þess stöðvuð eru óbreyttar í einn (1) mánuð kunnum við að segja upp þessum skilmálum í staðinn.
- 12.3 Uppsögn eða fyrning samningsins, hver sem ástæða þess er, skal ekki hafa nein áhrif á skyldur eða réttindi samningsaðila sem þeir höfðu fyrir uppsögn eða fyrningu og skal ekki hafa áhrif á nein ákvæði þessara skilmála sem, samkvæmt orðanna hljóðan eða gefið er í skyn að, er ætlað að taka gildi eða halda áfram gildi sínu, eftir slíka uppsögn eða fyrningu.

13 Viðurlög

- 13.1 Auk þess að slíkar aðgerðir feli í sér brot á ákvæðum þessara skilmála kann öll ólögleg eða svíksamleg notkun þín á kortinu að vera tilkynnt til lögreglu eða annarra viðeigandi eftirlitsyfirvalda.
- 13.2 Þú skalt bera bótaskyldu gagnvart okkur vegna alls taps, gjalda og annarra útgjalda sem falla á okkur í tengslum við að endurheimta, afturkalla eða snúa við færslum sem eru afleiðing misnotkunar þinnar á kortinu, eða ef þú hefur brotið einhver mikilvæg ákvæði eða ítrekað brotið einhver ákvæði í þessum skilmálum án þess að ráða bót á því.

14 Trúnaður og gagnavernd

- 14.1 Við erum ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna sem tengjast umsókninni um og notkun á kortinu og munum safna tilteknum upplýsingum um kaupanda og notendur kortsins til þess að geta rekið kortakerfið. Afhending þín á persónuupplýsingum og úrvinnsla okkar á þeim er nauðsynleg til að við getum staðið við skuldbindingar okkar samkvæmt þessum skilmálum. Í sumum tilvikum reynist úrvinnsla nauðsynleg til að grípa til tiltekinna aðgerða, að beiðni þinni, áður en gengist er undir þessa skilmála. Látir þú okkur ekki í té þær persónuupplýsingar sem við óskum eftir er ekki víst að við getum haldið áfram að veita þér þjónustu okkar. Þú getur gripið til ráðstafana til að segja upp þessum skilmálum í samræmi við hluta 12.1viii hér að framan.
- 14.2 Við munum meðhöndla og vernda persónuupplýsingar þínar og/eða notanda kortsins í samræmi við öll viðeigandi gagnaverndarlög. Fullkomnar og ítarlegar upplýsingar um hvenær og hvers vegna við söfnum persónuupplýsingum þínum og/eða notanda kortsins, hvernig við notum þær og undir hvaða kringumstæðum við kunnum að birta öðrum þær er að finna í persónuverndarstefnu okkar sem er afhent þér þegar við öflum persónuupplýsinga þinna og er aðgengileg á vefsvæði kerfisstjórans.

15 Breytingar á skilmálum

- 15.1 Ef við þurfum að gera einhverjar breytingar á þessum skilmálum munum við biðja kerfisstjóran um að tilkynna þér um þessa nýju skilmála, eða hafa beint samband við þig, að minnsta kosti tveimur (2) mánuðum áður en við innleiðum breytingarnar. Við sérstakar aðstæður, þar sem það er ómögulegt fyrir okkur að veita þér minnst tveggja (2) mánaða fyrirvara (t.d. vegna brýnna lagabreytinga) kann fyrirvarinn að vera styttri en við munum gera okkar besta til að veita þér eins mikinn fyrirvara og hægt er (**tilkynning um breytingar**).

- 15.2 Ef við þurfum að innleiða breytingar sem eru þér óhagstæðari en skilmálarnir sem þú samþykktir þegar þú sóttir um kortið og þú samþykkir ekki slíka nýja skilmála, geturðu tilkynnt okkur (venjulega í gegnum vefsvæði kerfisstjórans eða þjónustu við viðskiptavini) að þú hafnir fyrirhuguðum nýjum skilmálum. Þú verður að tilkynna okkur það áður en tilkynningin um breytingar rennur út, þ.e. áður en fyrirhugað er að innleiða nýju skilmálana. Ef við heyrum ekki frá þér áður gerum við ráð fyrir að þú hafir samþykkt breytingarnar og þú telst hafa samþykkt nýju skilmálana.
- 15.3 Ef þú hafnar nýju skilmálunum þýðir það að þú segir upp þessum samningi og hættir við kortið. Þú þarft ekki að greiða neitt fyrir að segja upp þessum samningi við slíkar aðstæður.

16 Ábyrgð

- 16.1 Við skiptum út korti sem er tilkynnt sem gallað fyrir nýtt hvenær sem er. Skila þarf gölluðu vörunni til okkar í því ástandi með ábyrgðarpósti. Póstburðargjöld verða endurgreidd með því að bæta þeim við tiltæka innistæðu þína ef varan reynist vera gölluð eftir skoðun tæknimanna okkar.
- 16.2 Ef skoðun okkar á korti sem er skilað sem þú hefur tilkynnt sem gallað leiðir í ljós að það sé rangt skal kortinu skilað aftur til þín og við kunnum að leggja umsýslugjöld á kortið sem verða dregin af tiltækri innistæðu í samræmi við gjaldskrána.
- 16.3 Ofangreind ábyrgð gildir ekki ef: (i) kortið er notað með hætti sem brýtur gegn einhverju mikilvægu ákvæði eða brýtur ítrekað gegn einhverju ákvæði þessara skilmála; eða (ii) þú hefur ekki gætt kortsins nægilega vel hvað varðar geymslu og/eða viðhald (þar á meðal með því að forðast langvarandi útsetningu fyrir beinu sólarljósi, útsetningu fyrir vatni eða miklum raka og ítrekaða snertingu við málmhluti eins og lykla).

17 Ýmislegt

- 17.1 Þú viðurkennir og samþykkir að við getum neytt réttar okkar samkvæmt þessum skilmálum í gegnum kerfisstjóran og að þessu takmarkaða leyti skulu vísanir til „okkur“, „við“ og „okkar“ túlkaðar sem vísanir til kerfisstjórans.
- 17.2 Ekkert í þessum skilmálum veitir neinum utanaðkomandi aðila nokkurn ávinning af þeim, eða rétt til að framfylgja þessum skilmálum.
- 17.3 Þessi samningur á einungis við um þig og þér er ekki heimilt að framselja réttindi þín og skyldur samkvæmt þessum samningi til nokkurs annars. Við getum framselt öll okkar réttindi og skyldur samkvæmt þessum skilmálum til hvaða annars einstaklings eða fyrirtækis sem er, háð því að sá aðili standi við allar skuldbindingar við þig í þeim.
- 17.4 Við getum haft samband við þig skriflega eða með tölvupósti með því að nota samskiptaupplýsingarnar sem þú veittir á vefsvæði kerfisstjórans.
- 17.5 Ef eitthvert ákvæði þessara skilmála (eða hluti af einhverju ákvæði) er eða verður ólöglegt, ógilt eða óframfylgjanlegt, hefur það ekki áhrif á lögmæti, gildi eða framfylgjanleika nokkurs annars ákvæðis í þessum skilmálum.
- 17.6 Þessir skilmálar fela í sér allan samninginn milli okkar.

18 Kvartanir

- 18.1 Kerfisstjórinn hefur umsjón með kortakerfinu. Ef þú vilt hafa samband við okkur eða kvarta undan einhverjum hluta af okkur þjónustu skaltu hafa samband við þjónustu við viðskiptavini.
- 18.2 Ef þú ert ekki ánægð(ur) með niðurstöðuna eftir að hafa fengið svar frá þjónustu við viðskiptavini getur þú áframsent kvörtunina til okkar á complaints@enfuce.com
- 18.3 Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að komast til botns í kvörtun þinni, ef okkur tekst það ekki svo þú sért sátt(ur) munum við rökstyðja niðurstöðu okkar.

19 Lög, lögsaga og tungumál

- 19.1 Þessir skilmálar og allur ágreiningur sem upp kemur vegna þeirra falla undir og eru túlkaðir samkvæmt finnskum lögum og falla eingöngu undir lögsögu héraðsdómstóls í Helsinki.
- 19.2 Ensk útgáfa þessara skilmála og allra samskipta og efnis af vefsvæði kerfisstjórans (ef ensk útgáfa er í boði) skal gilda framar öllum útgáfum á öðrum tungumálum sem við kunnum að gefa út.

20 Útgefandi kortsins og þjónustuveitandi kortsins

- 20.1 Kortið þitt er greiðslumiðill sem gefinn er út af Enfuce License Services Ltd samkvæmt leyfi frá eftirlitsyfirvöldum.
- 20.2 Kerfisstjórinn hefur umsjón með og þjónustar kortið fyrir okkar hönd og veitir þér aðstoð ef þú hefur einhverjar spurningar.

21 Bætur

- 21.1 Kortið er ekki innistæðu-, kredit- eða bankaafurð og fellur ekki undir innistæðutryggingu finnska fjármálastöðugleikaeftirlitsins. Hins vegar munum við gæta fjár sem lagt hefur verið inn á kortið (ef við á) svo það njóti verndar í samræmi við gildandi lög ef við verðum gjaldþrota.

GJALDSKRÁ

Nema annað sé tekið fram hafa orð og orðasambönd í þessari gjaldskrá sömu merkingu og túlkun og skilgreind er í skilmálunum.

A. Þjónusta við viðskiptavini

Hægt er að ná í þjónustu við viðskiptavini á:

- Með aðferðunum sem taldar eru upp á vefsvæði kerfisstjórans: <https://orkacard.com> eða í Orka appinu
- Með tölvupósti: hallo@orkacard.com

Athugaðu að við og kerfisstjórinn áskiljum okkur rétt, eftir að hafa tilkynnt þér það þegar þú hringir, til að vakta/taka upp samtöl milli þín og þjónustu við viðskiptavini í gæðatryggingartilgangi.

B. FÆRSLUGJÖLD

Allar greiðslur sem gerðar eru með kortinu þínu skulu vera í tilgreindum gjaldmiðli. Ef kort er notað til að greiða fyrir vörur og þjónustu í öðrum gjaldmiðli en tilgreindum gjaldmiðli skal upphæðin til greiðslu umreiknuð samkvæmt gengi kortakerfisins. Til þess að þú getir borið saman þóknarir fyrir umreikning gjaldmiðla getur þú skoðað rauntímamun í prósentum á milli fjárhæðarinnar sem verður skuldfærð á kortið þitt fyrir færslu í erlendum gjaldmiðli (sem samanstendur af álagningu kortagreiðslukerfisins ásamt aukagjaldinu sem vísað er til hér á eftir) og nýjasta gengi gjaldmiðla gagnvart evru samkvæmt Seðlabanka Evrópu. Þú getur skoðað þessar upplýsingar í algengum spurningum og svörum á vefsvæði kerfisstjórans. Þú viðurkennir og samþykkir að greinar 3a (5) og (6) í reglugerð (EB) 924/2009 (með breytingum reglugerðar (ESB) 2019/518) eiga ekki við og að engin rafræn skilaboð verða send til þín ef þú átt gjaldeyrisviðskipti yfir landamæri.

Athugaðu að gengi gjaldmiðla getur flökt og breyst milli þess tíma sem færsla er gerð og hún er gerð upp og skuldfærð á þig. Þú samþykkir að allar breytingar á genginu megi leggja á tafarlaust og án tilkynningar til þín.

GJÖLD VEGNA GJALDEYRISVIÐSKIPTA ⁽¹⁾

Gjaldeyrisviðskipti	Viðbótargjöld gjaldeyrisviðskipta	vegna	Ísland: 3,00% Danmörk: 0,50% Tékkland: 0,50%
---------------------	-----------------------------------	-------	--

⁽¹⁾ Athugasemd: *sumir söluaðilar, í sumum löndum, kunna að leggja á aukagjald vegna greiðslu með korti. Þér verður tilkynnt um þessi gjöld, sem söluaðili ákveður, við kaup.*

KORTAGJÖLD

Útgáfugjöld (í tilgreindum gjaldmiðli)	Gjöld (Ísland)	Gjöld (Danmörk)	Gjöld (Tékkland)
Kortagjald (fyrir fyrsta útgefna kort)	Ókeypis	Ókeypis	Ókeypis
Færslugjöld og notkun			
Gjald fyrir áfyllingu á innstæðu	120 ISK á áfyllingu	6 DKK á áfyllingu	20 CZK á áfyllingu

Innlendar hraðbankaúttektir (án gjalda rekstraraðila hraðbanka)	180 ISK á úttekt	Ókeypis	Ókeypis
Erlendar hraðbankaúttektir (án gjalda rekstraraðila hraðbanka)	350 ISK á úttekt	19 DKK á úttekt	60 CZK á úttekt
Innlausnargjöld			
Innlausn fjár (bankamillifærsla)	1700 ISK á millifærslu	90 DKK á millifærslu	300 CZK á millifærslu
Ýmis gjöld			
Gjald fyrir nýtt kort (ef kort týnist, er stolið, kemst í rangar hendur, er notað í heimildarleysi eða af hvaða annarri ástæðu sem er)	1700 ISK hvert kort	90 DKK hvert kort	300 CZK hvert kort
Endurtekin gjöld			
Mánaðargjald*	Á ekki við **	Á ekki við **	Á ekki við **

* Mánaðarlegt reikningsgjald verður innheimt jafnvel þótt reikningur kortsins sé óvirkur eða kortið sé útrunnið, svo lengi sem einhver innistæða er á kortinu.

** Mánaðarlegt reikningsgjald fyrir kortið þitt verður gefið upp þegar þú skráir þig á vefsvæði kerfisstjórans.

VEFÞJÓNUSTUGJÖLD (fyrir öll lönd)

Virkjun	ókeypis
Fá upplýsingar um allar færslur	ókeypis
Sækja yfirlit	ókeypis
Loka eða opna kortið þitt	ókeypis

AFTURKÖLLUNARGJÖLD (fyrir öll lönd)

Endurgreiðsla afgreiðslugjalds	Gjald á aðeins við ef afturköllun/endurgreiðslubeiðni er ekki gild	50 EUR, eða 7600 ISK 372 DKK 1200 CZK
--------------------------------	--	--

HÁMÖRK KORTA

Tegund hámarks	Tíðni	Upphæð (Ísland)	Upphæð (Danmörk)	Upphæð (Tékkland)
Lágm. Upphaflegt verðmæti	á færslu	10 EUR, eða 1500 ISK	10 EUR, eða 75 DKK	10 EUR, eða 240 CZK

Hám. Verðmæti	á færslu	8000 EUR, eða 1.200.000 ISK	8000 EUR, eða 59.500 DKK	8000 EUR, eða 190.000 CZK
Hám. Heildarinnistæða	hvert kort	15.000 EUR, eða 2.200.000 ISK	15.000 EUR, eða 111.000 DKK	15.000 EUR, eða 350.000 CZK
Hám. Fjöldi posa (#)	1 dagur	20	20	20
Hám. Verðmæti í posa	1 dagur	5000 EUR, eða 760.000 ISK	5000 EUR, eða 37.000 DKK	5000 EUR, eða 118.000 CZK
Hámarksfjöldi hraðbankaúttekta (#)	1 dagur	5	5	5
Hámarksupphæð hraðbankaúttekta (€)	1 dagur	350 EUR, eða 53.000 ISK	350 EUR, eða 2600 DKK	350 EUR, eða 8300 CZK